

Kveðjuhljómléikar Utangarðsmanna

Á MORGUN, 2. maí, verða haldnir síðustu hljómléikar Utangarðsmanna áður en þeir halda í Evrópureisu sína, sem kemur til með að taka minnst þrjá mánuði. Hljómléikar þessir verða haldnir í Háskólabíói og hefjast klukkan 16.30.

Verða þetta kveðjutónleikar þeirra, til styrktar þeim fyrst og

fremst andlega og fjárhagslega í langri reisu.

Upphitunarhljómsveit á hljómléikunum verður Purrkur Pillnikk sem flytur um 20 mínútna prógramm, en Utangarðsmenn flytja síðan um eins og hálf tíma prógramm.

Hljómléikarnir eru haldnir af Utangarðsmönnum og Steríó.



Keilir, ein ljósmynda Björns Rúrikssonar á sýningunni.

Kjarvalsstaðir:

Ljósmyndasýning Björns Rúrikssonar

Í dag opnar Björn Rúriksson ljósmyndasýningu í vestursal Kjarvalsstaða. Það sýnir hann 63 myndir sem teknar eru á síðastliðnum sex árum. Þetta er þriðja einkasýning Björns, en hann hefur áður sýnt í Newark Museum í New Jersey og í Nikon House í Rockefeller Center í New York.

Myndirnar á sýningunni eru

allar frá Íslandi, flestar náttúru- og landslagsmyndir. Þess má geta, að með því að ganga rangsælis um sýningarsalinn og staldra við myndir sem merktar eru með rauðum depli, má fá nokkuð samfellda mynd af jarðfræði landsins. Skýringarblað liggur frammi fyrir þá sem hafa áhuga á þessu. Sýningin stendur til 17. maí.



Vortónleikar Tónlistarskóla Seltjarnarness

TÓNLISTARSKÓLINN á Seltjarnarnesi heldur sjöundu vortónleika sína í dag kl. 14-18 í nýjum tónleikasal skólans. Skólinn, sem var stofnsettur 1974 flutti í vetur í sérhannað húsnæði fyrir skólann í menningarmiðstöð er reist hefur verið við Melabraut á Seltjarnarnesi. Í tilefni opunar tónleikasalarins,

sem tekur um 110 manns, efnir tónlistarskólinn til tónleika á laugardag auk þeirra sem áður er getið og hefjast þeir kl. 14.

Á tónleikunum koma fram nemendur og kennarar tónlistarskólans, svo og Skólakór Seltjarnarness og Selkórinn á Seltjarnarnesi. Eftir tónleikana verður húsið til sýnis til kl. 18.

Á sunnudag verða svo ein-söngstónleikar Ragnheiðar Guðmundsdóttur kl. 16.30, undirleikari verður Jónas Ingimundarson.

Í Tónlistarskólanum á Seltjarnarnesi eru nú 160 nemendur og 14 kennarar. Skólastjóri er Hannes Flosason.



Úr óperunni La Bohème.

Þjóðleikhúsið:

La Bohème - fáar sýningar eftir

Í kvöld, 1. maí, verður sýning á óperu Puccinis, La Bohème, og einnig á sunnudagskvöld. Í einsöngshlutverkum eru Gardar Cortes, Ólöf K. Harðardóttir, Halldór Vilhelmsson, Ingvaldur Hjaltested, Eidiur Gunnarsson og John Speight, Kristinn Hallsson og Guðmundur Jónsson. Þá syngur Þjóðleikhúskórinn og Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur undir stjórn Jean-Pierre Jacquillat. Leikstjóri er Sveinn Einarsson, aðstoðarleikstjóri er Þuríður Pálsdóttir, en leikmyndina gerði Steinþór Sigurðsson, Dóra Einarsdóttir sá um búningana og Ingvar Björnsson um lýsinguna.

Aðeins fáar sýningar eru eftir á La Bohème, en Sinfóníuhljómsveit Íslands fer innan skamms í hljómléikaför til Þýskalands. Óperan verður sýnd nokkrum sinnum í júní með mjög breyttri hlutverkaskipan.

Sólumadur deyr á laugardagskvöld

Sólumadur deyr hefur notið

mikilla vinsælda og verður sýndur á laugardagskvöld. Það er Gunnar Eyjólfsson sem leikur solumanninn Willy Loman og Margrét Guðmundsdóttir sem leikur Lindu konu hans. Syni þeirra leika Hákon Waage og Andri Orn Clausen.

Önnur stór hlutverk eru í höndum Róberts Arnfinnssonar, Árna Tryggva-


sonar, Bryndísar Pétursdóttur og Randvers Þorlákssonar.

Oliver Twist í næst síðasta sinn

Næst síðasta sýningin á Oliver Twist verður á sunnudag kl. 15.00 og skal fólki bent á að engar aukasýningar verða á verkinu og það verður ekki á fjölunum í haust.

Galdraland í Breiðholti

GARÐALEIKHÚSIÐ sýnir barna- og fjölskylduleikritið Galdraland eftir Baldur Georgs í Breiðholtsskóla nk. laugardag og sunnudag, 2. og 3. maí, kl. 15 báða dagana. Sýningum á leikritinu fer nú að fækka. Leikendur eru þrír, þeir Aðalsteinn Bergdal, Þórir Steingrímsson og Magnús Ólafsson.



Eitt af verkum Magnúsar Guðmundssonar í Eden.

Sýning Magnúsar Guðmundssonar í Eden

Í EDEN í Hveragerði stendur nú yfir málverkasýning Magnúsar Guðmundssonar, frá Kirkjulækjarholi í Fljótshlíð. Á sýningunni eru 54 myndir, allt olíumálverk af mönnum, dýrum, blómum og fögru landslagi.

Þetta er þriðja sýning Magnúsar í Eden. Aðsókn að sýningunni hefur verið góð og allt að helmingur myndanna selzt.

